


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	<b>Vefnaður103</b> <b>Kennsluáætlun í VEF103 Haust 2010</b>	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Ragnheiður Björk Þórsdóttir	<b>Sk.st.</b>	<b>RPÓ</b>
----------------	-----------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í vefnaði vefa nemendur a.m.k. tvö stykki, eitt með grófu ívafi, t.d. tuskumottu og eitt með bandáferð. Í tuskumottu er lögð áhersla á einskeftuvefnað og vaðmál. Í stykkinu með bandáferðinni, sem gjarnan er taska, borðdregill eða veggstykki, er lögð áhersla á einskeftu og rósabandsvefnað. Nemendur taka virkan þátt í sem flestu er varðar uppsetningu á voð í vefstól, en ekki er ætlast til að þeir reikni út í uppistöðu eða bindi upp skemla og skammel í þessum áfanga. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur sköft og fjögur - sex skammel.


### Markmið:

- að nemendur kynnist vefstólum, læri að rekja í vef.
- að nemendur kynnist uppsetningu á slöngu og setja upp í vef í vefstól.
- að nemendur læri að þekkja og tileinka sér einskeftu, vaðmál og rósaband í verkum sínum og noti fjögur sköft og fjögur skammel.
- að nemendur noti mismunandi þræði eða efni í verk sín s.s. niðurrífið efni, ullarband og hör.

### Helstu verkefni í VEF 103 eru:

- Tuskumotta ( stærð 1m x 1.50m ) einskefta og/eða vaðmál eða salún vefur.
- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð
- Prufa/prufur í vaðmáli og samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Vika	Námsefni
34	Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur rekja í slöngu og ákveðið er hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki. (Þ.e.s. tuskumottu, rósabandsvef eða prufustykki.)
35 - 37	Uppsetning á vef og vinna í vefstól.
38 - 41	1. stykki ofið
42 - 45	2. stykki ofið. Nemendur skipta um vefstól og vefa sitt annað stykki.
46 - 48	Nemendur vinna sitt seinasta stykki og frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna er í seinustu vikunni.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Vefnaður103</b>	<b>Kennsluáætlun í VEF103 Haust 2010</b>

<b>Tegund</b>	<b>Námsgögn</b>
Bækur	Fagbækur, vefnaður, myndlist og textíll. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.
Tímarit	Vefnaðartímarit

<b>Námsmat</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Vægi</b>
Tuskumotta/salún	Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður	25 %
Fínt stykki	Rósabandsáferð, ull eða hör	40 %
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

#### **Fjarvistir:**

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

#### **Innkaup:**

Mappa A4. Nemendur setja hugmyndir sýnar, skissur, uppskriftir og prufur í möppu. Einnig er gott að vera með skissubók reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð. Sú upphæð dugar yfirleitt fyrir því efni sem notað er í 103.

**Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!**

**Með fyrirvara um breytingar**

**Ragnheiður Björk Þórsdóttir**

**Netfang: [ragga@vma.is](mailto:ragga@vma.is)**

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils